

12.11.2009

l. mál

Alþingi
Erindi nr. P 138/1075
komudagur 12.11.2009

Viðtakandi: Allsherjarnefni Alþingis

Sendandi: Forsætisráðuneytið, skrifstofa stjórnsluþróunar

Samantekt um verkefni upplýsingasamfélagsins 1997-2009

Á fundi fulltrúa ráðuneytisins með allsherjarnefnd 3. þ.m. var óskað eftir upplýsingum um verkefni upplýsingasamfélagsins. Skrifstofa stjórnsluþróunar hefur skv. framangreindu tekið saman eftirfarandi upplýsingar:

Verkefni upplýsingasamfélagsins eru viðvarandi verkefni

Núgildandi stefna um upplýsingasamfélagið er þriðja stefna sinnar tegundar hér á landi. Stefnurnar þrjár hafa allar tekið mið af stefnu Evrópusambandsins á hverjum tíma. Einnig hefur verið litið til þess sem best gerist í þessum málaflokki á Norðurlöndum og ýmsum löndum utan Evrópu.

Málefni upplýsingasamfélagsins er viðvarandi verkefni í stjórnslu hér á landi sem annarsstaðar. Nú hefur skipulagi forsætisráðuneytis verið breytt með þeim hætti að búið er að færa saman málefni upplýsingasamfélagsins (sem fela í sér stefnumótun og framkvæmd stefnunnar ásamt fjölmörgum afmörkuðum verkefnum á sviði rafrænnar stjórnslu) og þróun og umbætur í stjórnslu ríkisins og Stjórnarráðsins. Litið er á upplýsingatæknina í þessu samhengi sem verkfæri til að ná árangri í þróun, umbótum og bættri þjónustu við almenning. Því er litið á verkefni upplýsingasamfélagsins sem hluta af almennri stjórnsluþróun. Skrifstofa stjórnsluþróunar í forsætisráðuneyti ber nú ábyrgð á þessum málaflokki.

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið er skipuð af forsætisráðuneyti og í henni sitja fulltrúar 5 ráðuneyta þ.e. forsætis-, fjármála-, mennta- og menningarmála-, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og heilbrigðisráðuneytis.

Meginverkefni hennar er að hrinda í framkvæmd stefnunni um upplýsingasamfélagið og endurskoða árlega framkvæmdaáætlun fyrir núgildandi stefnu, Netrikið Ísland, sem samþykkt var vorið 2008. Framkvæmdaáætlunin var samþykkt um leið og stefnan og þar var verkefnum forgangsraðað.

Mótun tillagna um fjármögnun verkefna

Á hverju ári fer verkefnisstjórnin yfir stöðuskýrslur sem sýna framgang einstakra verkefna og metur fjárþörf verkefna fyrir næsta ár. Að því loknu gerir hún tillögur um fjárveitingar til verkefna í framkvæmdaáætluninni sem skilað er til forsætisráðherra. Tillögurnar fara svo í gegnum hefðbundið ferli í fjármálaráðuneyti og á Alþingi.

Framkvæmdaáætlun um Netrikið Ísland gerði upphaflega ráð fyrir að verja um 300 m.kr. á ári í framkvæmd hennar, en af því varð ekki því árið 2009 sem er fyrsta fjárlagaárið eftir að stefnan og framkvæmdaáætlunin voru samþykkt varð niðurstaðan sú, eftir niðurskurð í desember sl., að varið var 167 m.kr. í verkefnin árið 2009. Við niðurskurð á fjárveitingum til framkvæmdar stefnunnar (úr áformuðum 300 m.kr. í 167 m.kr. 2009 og svo niður í 100 m.kr. fjárlagaárið 2010) hefur verið litið til forgangsröðunar verkefna sem finna má í upphaflegri framkvæmdaáætlun og þess að mikilvægt sé að halda áfram sem flestum miðlægum verkefnum sem varða stjórnsluna í heild. Eru þau verkefni einkum á ábyrgð forsætis- og fjármálaráðuneytisins.

Stefnur og úttektir á framkvæmd þeirra

Í meðfylgjandi tölvupósti er vísað á stefnurnar þrjár á vef forsætisráðuneytis og úttektir sem gerðar hafa verið af aðilum utan forsætisráðuneytis á tveimur fyrri stefnunum. Sé þess óskað er hægt að taka saman stöðuskýrslur um framgang einstakra verkefna á síðustu árum en þar er um talsvert gagnamagn að ræða.

Einnig er meðfylgjandi framkvæmdaáætlun sem unnið er eftir á þessu ári þ.e. 2009. Þar er hægt að sjá öll verkefni í framkvæmdaáætluninni röðuð niður á ár. Vakin er athygli á því að í þeirri áætlun var gert ráð fyrir áframhaldandi niðurskurði í fjárveitingum þannig að árlega færu 167 m.kr. til verkefna. Miðað við þá fjármuni er ekki búist við að markmiðum stefnunnar verði náð nema að takmörku leyti á framkvæmdatíma stefnunnar sem er 2008-2012. Þá er einnig meðfylgjandi endurskoðuð framkvæmdaáætlun fyrir 2010 miðuð við að veitt verði 100 m.kr. til verkefna það árið.

Fjármögnun

Aðgengilegt yfirlit yfir fjármögnun verkefna er að finna í framangreindum skýrslum. Hér á eftir eru til glöggvunar töflur yfir verkefni og tillögur verkefnisstjórnarinnar um fjármögnun þeirra árin 2003 – 2008. Litlar eða engar breytingar voru gerðar á þeim í fjárlagaferlinu. Árið 2009 er svo farið að vinna eftir framkvæmdaáætluninni og er hún einnig meðfylgjandi.

12. nóvember 2009

Skipting fjár 2008

	Ráðuneyti	Heiti verkefnis	Samþykkt	Athugasemdir
FOR		<u>Rafræn þjónustuveita hins opinbera, Ísland.is</u>	40.000.000	Rekstur Ísland.is
FOR		<u>Ísland.is, gagnvirkni og undirbúningur að mínum síðum.</u>	13.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
FOR		<u>Upplýsingabraut kerfa ríkis og sveitarfélaga</u>	10.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
FOR		<u>Rafræn stjórnarsýsla - stoðverkefni</u>	8.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
FOR		<u>Rafræn málsmeðferð</u>	13.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
FOR		<u>Notandinn í fyrirrúmi, framþróun opinberra vefja</u>	5.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
FOR		<u>Mælikvarðar og úttektir í rafrænni stjórnarsýslu</u>	8.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
DKM		<u>Ríkisnetfang</u>	5.000.000	
DKM		<u>Umsóknir og vottorð þjóðskrár. Gögn þjóðar skráð</u>	10.000.000	Tvö verkefni voru sameinuð
DKM		<u>Útgáfa nafnskirteina</u>	7.000.000	
FÉL		<u>Aukið aðgengi öryrkja og fatlaðra að upplýsingasamfélaginu</u>	5.000.000	
FJR		<u>Útboðstorg opinberra aðila</u>	10.000.000	
FJR		<u>Grunnstoðir fyrir skilvirka rafræna þjónustu og gagnasamskipti kerfa ríkisins.</u>	12.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
FJR		<u>Innleiðing rafrænna reikninga í Oracle-kerfinu</u>	14.000.000	
FJR		<u>Rafræn skilríki fyrir almenning og fyrirtæki. Rafræn skilríki fyrir starfsemi ríkisins</u>	14.000.000	Tvö verkefni voru sameinuð. Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
HTR		<u>Kvikn - vefur sjúklinga og aðstandenda</u>	11.000.000	
HTR		<u>Rafræn samvinna TR og RSK, til hagsbóta fyrir sameiginlega viðskiptavinum</u>	7.000.000	Sameiginlegt verkefni TR og RSK
HTR		<u>Rafræn samskipti við skjólstæðinga heilsugæslustöðvar og pappírslaus heilsugæslustöð</u>	7.000.000	
HTR		<u>Rafræn þjónustugátt TR</u>	10.000.000	
IVR		<u>Gagnvirk þjónustumiðstöð um stofnun og rekstur</u>	6.000.000	
IVR		<u>Rafræn neytendastofa</u>	5.000.000	
MRN		<u>Framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi</u>	5.000.000	
SAM		<u>Miðlun upplýsinga um íslenska ferðaþjónustu og náttúru</u>	5.000.000	

SJR	<u>Gagnaveita um haf og sjávarútveg</u>	5.000.000
UMR	<u>Náttúruvefsjá</u>	5.000.000
	Samtals kr.:	240.000.000

Skipting fjár 2007

Ráðuneyti	Heiti verkefnis	Samþykkt	Athugasemdir
DKM	<u>Rafræn þjónusta þjóðskrár</u>	8.000.000	
FJR	<u>Rafræn skilríki</u>	38.000.000	Nýtist allri stjórnarsýslunni
FJR, IVR	<u>Rafræn innkaup</u>	26.000.000	Fjárveiting til FJR
FOR	<u>Ísland.is, þróun og samræming verkefna</u>	40.000.000	Sameiginlegt verkefni stjórnarsýslunnar
FOR	<u>Stoðverkefni rafrænnar stjórnarsýslu</u>	15.000.000	Sameiginlegt verkefni allra ráðuneyta
FOR	<u>Upplýsingabraut kerfa ríkis og sveitarfélaga</u>	10.000.000	Sérverkefni fyrir Ísland.is
FOR, FJR	<u>Rafræn eyðublöð - rafrænar greiðslur</u>	10.000.000	Sérverkefni fyrir Ísland.is, fjárveiting til FOR
HTR	<u>Rafræn þjónustugátt TR í þágu almennings</u>	5.000.000	
HTR	<u>HUMAN - Heilsufarsupplýsingarnar mínar á netinu</u>	5.000.000	Bólusetningarhluti fjármagnaður
HTR	<u>Heilsuvefur</u>	5.000.000	Verður hluti af Ísland.is
IVR	<u>Leiðakerfi neytenda</u>	5.000.000	Verður hluti af Ísland.is
IVR	<u>Náttúruvefsjá</u>	5.000.000	
IVR	<u>Gagnvirk þjónustumiðstöð um stofnun og rekstur</u>	5.000.000	
MMR	<u>Rafræn innritun og háskólanet um allt land</u>	8.000.000	
MMR	<u>Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs II</u>	5.000.000	
MMR	<u>Upplýsinga- og umsýslukerfi opinberra samkeppnissjóða</u>	5.000.000	
SAM	<u>Leiðbeiningar um örugga netnotkun</u>	5.000.000	
	Samtals kr.:	200.000.000	

Skipting fjár 2006

[Skipting fjár 2006 \(PDF\)](#)

Með því að smella á heiti verkefnis fást nánari upplýsingar á DOC-sniði.

Ráðuneyti	Heiti verkefnis	Samþykkt	Athugasemdir
DKM	<u>Leyfisveitingakerfi</u>	6.500.000	
DKM	<u>Sýslumannakerfi</u>	5.000.000	
FEL	<u>Fjölskylduvefurinn og verkefni tengd fjölmenningarlegu samfélagi</u>	5.000.000	
FJR	<u>Rafræn opinber innkaup. Útboð aðgerðakjarna, hugbúnaðarþróunar, upplýsingatækniþjónustu og -rekstrar</u>	5.000.000	
FJR	Rafrænar undirskriftir - Rafræn skilríki - þjónustuveita. Sameinað verkefni FJR <u>Rafrænar undirskriftir - Rafræn skilríki og verkefni Ríkisskattstjóra Rafræn skilríki, þjónustuveita</u>	22.000.000	
FOR	<u>Innri vefur stjórnarráðsins</u>	5.000.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
FOR	<u>Rafræn stjórnarsýsla, verkefnaflokkur sem varðar öll ráðuneyti</u>	22.000.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
FOR	<u>Rafræn þjónustuveita ríkis og sveitarfélaga</u>	10.000.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
FOR	<u>Staðlar, lýsigögn og fræðsluvefur um upplýsingatækni</u>	13.500.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
Hagstofan	<u>Vefþjónusta / rafræn miðlun hagtalna</u>	5.000.000	
HTR	<u>Miðlæg bólusetningaskrá sóttvarnarlæknis</u>	5.000.000	
HTR	<u>Rafræn móttaka umsókna og vottorða frá heilbrigðisstarfsfólki-rafræn móttaka læknisvottorða</u>	5.000.000	
HTR	<u>Rafræn þjónustugátt í þágu almennings</u>	5.000.000	
HTR	<u>Rafrænir lyfseðlar</u>	8.000.000	
IVR	<u>Náttúruvefsjá</u>	7.000.000	
LAN	<u>Upplýsingatækni í dreifbýli - Innleiðing miðlægra gagnagrunna á lögbýlum</u>	5.000.000	
MRN	<u>Breyttir starfshættir í menningarstofnunum með nýtingu upplýsingatækni - samræmd upplýsingaþjónusta við almenning og Breyttir starfshættir í menntastofnunum með nýtingu upplýsingatækni - dreifmenntun</u>	5.000.000	

MRN	<u>Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs</u>	5.000.000
MRN	<u>Námsefnisáttak-áttak í gerð stafræns netnámsefnis</u>	19.000.000
MRN	<u>Sarpur 3,0</u>	6.000.000
MRN	<u>Upplýsinga- og umsýslukerfi opinberra samkeppnissjóða</u>	6.000.000
SAM	<u>Miðlun leiðbeininga og fræðsluefnis um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitæfni sem tengjast notkun á upplýsingatækni.</u>	5.000.000
SJR	<u>Sambætt gagnaveita um náttúru og nýtingu hafsins við Ísland</u>	5.000.000
UMH	<u>Plöntuvefsjá (2. hluti) og aðrar vefsjár Náttúrufræðistofnunar Íslands</u>	5.000.000
UMH	<u>Skipulagsvefsjá</u>	5.000.000
UMH	<u>Stöðlun landupplýsingakerfa skv. ISO</u>	5.000.000
	SAMTALS	200.000.000

Skipting fjár 2005

Ráðuneyti	Heiti verkefnis	Samþykkt	Athugasemdir
FJR	<u>Rafrænar undirskriftir</u>	5.000	
FJR	<u>Samræmingaraðgerðir í rafrænum viðskiptum</u>	5.000	
FOR	<u>Rafræn stjórnýsla</u>	10.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
FOR	<u>Rafræn þjónusta og umræðutorg I</u>	3.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
FOR	<u>Rafræn þjónusta og umræðutorg II</u>	3.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
FOR	<u>Rafræn þjónustuveita</u>	10.000	Sameiginleg verkefni allra ráðuneyta
HTR	<u>HR, rafræn skráning vegna upplýsingamiðstöðvar</u>	5.000	
HTR	<u>Rafræn samskipti milli TR og almennings á netinu (þjónustugátt)</u>	5.000	
HTR	<u>Rafræn viðskipti milli TR og heilbrigðisstétta</u>	5.000	
IVR	<u>Tilraunasamfélag um rafræn viðskipti</u>	15.000	
MRN	<u>Gerð stafræns námsefnis</u>	12.000	
MRN	<u>Skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns</u>	5.000	
MRN	<u>Stafræn endurgerð menningarefnis</u>	5.000	
SAM	<u>Úttekt og mat á öryggi netkerfa á Íslandi (rekstraröryggi)</u>	7.000	
UMH	<u>NÍ - Plöntuvefsjá</u>	5.000	
	SAMTALS	100.000	

Skipting fjár 2004

Ráðuneyti	Heiti verkefnis	Samþykkt Athugasemdir
FOR	Vefmál stjórnarráðsins	10
FOR	Rafræn stjórnsýsla	5
DKM	<u>Sambætting tölvukerfa lögreglu, dómstóla of Fangelsismálast.</u>	6
FEL	<u>Upplýsingakerfi fyrir starfsemi félagsþj. f. fatlaða á Íslandi</u>	5
FJR	<u>Skipulagning og útböð á kerfi rafrænna skilríkja f. ríkið</u>	5
HTR	<u>Heilbrigðisnet</u>	9
HTR	<u>Vöruhús heilsufarsgagna</u>	4
IVR	<u>Netaðgangur að gögnum um orkulindir og náttúrufar/Orkust.</u>	5
LAN	<u>Nytjaland</u>	5
LAN	<u>Upplýsingatækni í dreifbýli</u>	5
MRN	<u>Upplýsingatækni f. fatlaða</u>	5
MRN	<u>Stafræn menning</u>	7
MRN	<u>Menntabryr</u>	5
SAM	<u>Icetourist.is-vefur Ferðamálaráðs endurnýjaður</u>	5
SJR	<u>Gagnvirk rafræn samskipti Fiskistofu, Hafró og viðsk.vina</u>	5
UMH	<u>Bráðviðvörðunarkerfi v. jarðskjálfta, eldgosa og fl.</u>	5
UMH	<u>Umhverfisfræðsluvefur fyrir börn og unglunga</u>	5
UTN	<u>Orðtökuforrit</u>	4

Fjárlög 2003. Fjárlagaliður 996.
Meðmæli verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið

Ráðuneyti	Verkefni sem mælt er með af hálfu verkefnisstjórnar	Af nýju fé m.kr.
Félagsmálarn.	Sveitarfélagavefur	3,5
	Uppbygging dreifilyklaskipulags vegna rafrænnar stjórnsýslu á Íslandi ásamt reynsluverkefni.	4,0
Fjármálarn.	Rafrænt markaðstorg - 3ji og síðasti hluti verkefnis.	8,5
Hagstofa	Gagnabanki Hagstofu Íslands	3,5
	Rafræn sjúkraskrá	7,0
	Heilbrigðisnet	14,0
	Fjarlækningar	8,0
Heilbr.- og trygg.málarn.	Vöruhús heilsufarsgagna	3,5
	Gagnvirk handleiðsla Impru	3,0
Iðnaðar og viðskiptarn.	Netaðgangur að gögnum um orkulindir	4,0
	Nytjaland - Gagnagrunnur um jarðir Ísl. RALA, Landgræðslan, Bændasamtökin (Skógræktin, Landmælingar Ísl, Skipulagsst. Náttúrufr.stofnun)	4,0
	Fjarkennsla og netræn ráðgjöf á vegum Hólaskóla	3,5
Land-búnaðarn.	Upplýsingatækni í dreifbýli (Tölvukennsla og tæknivæðing í sveitum)	6,0
	Uppbygging fjarvinnu á Menntagátt	6,0
	Dreifmenntun í dreifbýli	4,5
	Netháskólar	4,0
	Menntun fatlaðra	3,5
	Menningargátt á landsbyggðinni	5,0
Menntamála	Fjarkennslunet/Háhraðatengingar v. stofnanir á landsbyggðinni	5,0
Sjávar-útvegsrn.	Miðlun uppl. um fiskveiðar, afla, aflaheimildir, haf- og fiskirannsóknir	3,5
	Stafræn grunnkort af Íslandi- langtímaverkefni (4-5ár)	4,0
Umhverfisrn.	Bráðaviðvörðunarkerfi v. jarðskjálfta, eldgosa, og annarra náttúruhamfara	3,5
	Verkefni á forræði forsætisráðuneytis: Þróunarverkefni um stjórnarráðsvef	7,0
	Upplýsingaveita f. almenning	7,0
Sameiginleg verkefni ráðuneyta	Þróunarverkefni um rafræna stjórnsýslu	6,0
Upphæð alls	nýtt fé, m.kr.:	131,5